

Ed.

308. Nefndarálit

[182. mál]

um frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. hefur haft þetta frv. til umfjöllunar í 20 mínútur milli 1. og 2. umræðu.

Frv. er flutt fyrst og fremst til þess að lækka framfærsluvísitölu um 0.22%. Það er því liður í áframhaldandi vísitöluleik, ef það ekki mistekst vegna ráðleysis ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir þetta munu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkv. með frv. þar sem í því felst örlítill tilslökun á þeirri gífurlegu skattahækkun sem ríkisstjórnin hefur staðið að.

Í Nd. flutti Halldór Blöndal brtt. um lækkun gjalda á hljóðfæri og hljómplötur. Ljóst er að tilgangslaust er að flytja þessa tillögu í Ed., en engu að síður viljum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vekja á henni athygli og sérstaklega að skoða þurfi EFTA-reglur í sambandi við hljómplöturnar.

Alþingi, 2. febr. 1982.

Lárus Jónsson,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.